



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartún 26
105 Reykjavík
Skrifstofa framkvæmda og eftirfylgni

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 07.10.2024

Áform um lagabreytingu vegna Náttúruverndarstofnunar

Landvernd hefur kynnt sér áform, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um um breytingu á lögum um náttúruvernd og lögum um Vatnajökulspjóðagarð (leyfisveitingar, gjaldtaka o.fl. vegna Náttúruverndarstofnunar.)

Áformin snúa að því að samræma reglur um leyfisveitingar, gjaldtöku, eftirlit o.fl., sem ný Náttúruverndarstofnun mun fara með, þegar Vatnajökulspjóðagarður og náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar renna saman í eina stofnun frá 1. Janúar 2025.

Frá því að vinna hófst við undirbúning sameiningar stofnana Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytis hefur legið fyrir að breyta þurfi lögum um náttúruvernd annarsvegar og lögum um Vatnajökulspjóðgarð hinsvegar til að samræma ákvæði um gjaldtöku, leyfisveitingar, málsmeðferð, þvingunarúrræði og eftirlit sem heyra mun undir nýja Náttúruverndarstofnun frá og með 1. Janúar 2025.

Ráðuneytið skýrir nauðsyn breytinga á lögum, þar sem annars myndu ólíkar reglur gilda í innan sömu stofnunar um áður upptalin atriði. Breytingar á lögum eiga að auka skilvirkni, einfalda og samræma ákvæði og bæta þjónustu ríkisins.

Landvernd tekur undir nauðsyn lagasetningar til að færa nýrri stofnun nauðsynlegar samræmdar heimildir. Skammur tími er til stefnu, en vonandi gefst þó tími til að fara vel yfir breytingarnar og vanda til verka í góðu samráði.

Landvernd leggur áherslu á að allt það sem ný Náttúruverndarstofnun mun hafa af verkefnum varði náttúruna sjálfa og verndun hennar. Mikilvægt er að viðhafa vandað samráð við umhverfisverndarsamtök, almenning og hagaðila við gerð nýs frumvarps, sem hafi það að markmiði að styrkja sjálfstæðan rétt náttúrunnar, sem og náttúruverndarlög, efla samræmt eftirlit, styrkja landvörslu, bæta regluverk og veita stofnuninni nauðsynlegar heimildir til að taka á öllum málum sem upp koma á verksviði hennar. Landvernd hlakkar til að taka þátt í því.

Virðingarfyllst

Þorgerður M Þorbjarnardóttir

Formaður